

# GREINARGERÐ

## um eflingu viðbúnaðar lögreglunnar

### 1 Inngangur

Í skýrslu innanríkisráðherra um stöðu lögreglunnar 2012 segir: „Grunnbúnaður lögreglu til þess að takast á við sérstakar lögregluaðgerðir vegna vopnamála, hryðjuverka og annarra stórfelldra ofbeldisglæpa er mjög takmarkaður, búnaður sem til er þarfnast að mestu leyti endurnýjunar og viðbúnaðargetan er óviðunandi varðandi fyrstu viðbrögð og vegna öryggis ríkisins.“

Í áfangaskýrslu nefndar um gerð löggæsluáætlunar fyrir Ísland frá 8. mars 2013 sem innanríkisráðherra kynnti á Alþingi var eitt af forgangsattriðum varðandi eflingu lögreglunnar að bæta búnað lögreglu og þjálfun lögreglumanna. Hluta sérstakrar viðbótarfjárveitingar til eflingar lögreglu var varið til aukinnar þjálfunar almennra lögreglumanna og eflingar búnaðar. Þannig hefur nokkur árangur náðst við að bæta viðbúnaðargetu lögreglunnar en ljóst að mun meira þarf að koma til svo hún geti talist fullnægjandi.

### 2 Hættumat greiningardeildar

Greiningardeild ríkislögreglustjóra hefur á undanförunum árum greint frá þeirri hættu sem jafnan er til staðar af einstaklingum hér á landi sem líklegir eru til að fremja voðaverk. Ógnin er því engan veginn bundin við hryðjuverkahópa. Erlendis hafa slíkar árásir einstaklinga oft valdið miklu manntjóni. Má í þessu samhengi nefna skotárásir á almannafæri, í skólum eða stjórnarbyggingum. Ofbeldisglæpir þurfa þannig ekki að fela í sér hryðjuverk af pólitískum hvötum.

Alþjóðleg hryðjuverkahætta er viðvarandi og talið er að hún muni aukast á næstu árum. Evrópulögreglan (Europol) telur hryðjuverkaógn fara vaxandi í Evrópu og að hún hafi ekki verið meiri frá hryðjuverkaárásunum á Bandaríkin 11. september 2001.

Reynslan erlendis hefur sýnt að árásir eða tilraunir til árása geta átt sér stað hvar sem er. Lengst af var hættustig hvað varðar hryðjuverk álitnið sambærilegt á Íslandi og á hinum Norðurlöndunum. Hryðjuverkahættan þar hefur aukist, komið hefur verið í veg fyrir hryðjuverk og nýlega framið hryðjuverk í Danmörku. Þá er hættustig hér á landi nú metið í meðallagi. Auk þess sem hryðjuverkahætta hefur aukist á hinum Norðurlöndunum hafa einnig komið þar upp tilvik ofbeldisglæpa svo sem skotárásir í skólum í Finnlandi.

Öryggisstofnanir á Vesturlöndum telja hryðjuverkaógn og hættu á ofbeldisglæpum fara vaxandi. Í því efni verður ekki litið framhjá því sem kalla má sjálfsprottna hryðjuverkamenn (Lone Wolves).

Öfgasamtök og hryðjuverkahópar nýta sér internet og samskiptamiðla í sívaxandi mæli til að koma á framfæri boðskap sínum. Ber þar mest á alþjóðlega hryðjuverkanetinu Al-Kaída og samtökunum Ríki íslams í Írak og Sýrlandi. Þá má nefna nýlegar yfirlýsingar um samstarf Boko Haram við Ríki íslams. Hryðjuverkasamtök hafa aldrei áður haft jafn greiðan aðgang að einstaklingum um heim allan. Þau hafa náð tökum á þeim möguleikum sem tæknin býður upp á. Þannig eru t.a.m. gefin út tímarit á netinu sem allir geta nálgast og með því móti miðla hryðjuverkamenn hatursáróðri og ofbeldisdýrkun af sífellt meiri áhrifamætti. Í sítengdum heimi internets og samfélagsmiðla er enginn eyland.

Landamæri eru þar ekki til og viðteknar hugmyndir um smæð, einangrun og sérstöðu eiga sér í raun litlar stoðir í nútímanum.

Hvað varðar Evrópubúa sem ganga til liðs við hryðjuverkasamtök t.d. í Sýrlandi og Írak, verður að hafa í huga að trúarlegar hvatir þurfa ekki að vera ástæða fararinnar. Allt eins kann að vera að viðkomandi sækist eftir spennu og sé haldinn ævintýraþrá eða löngun til þess að taka þátt í afbrotum og bardögum. Samtökin Ríki Íslams hafa skapað sér nokkurs konar vörumerki sem án vafa getur virkað sem aðráttarafl og samfélagsmiðlar gegna lykilhlutverki í viðleitni hryðjuverkasamtaka til að ná til ungs fólks á Vesturlöndum.

Hið sama gildir um ofbeldisglæpi aðra en hryðjuverk sem framin eru í nafni trúar eða pólitískrar hugmyndafræði. Áhrif internets og samskiptamiðla geta verið mikil og möguleikar einstaklinga til að sækja sér upplýsingar sem tengjast áformum viðkomandi um að fremja t.d. ofbeldisglæp eða fjöldadráp fara sífellt vaxandi. Það á m.a. við um undirbúning, vopn, sprengjugef og ekki síst fordæmi. Þekkt er að menn hermi eftir ódæðisverkum sem framin hafa verið. Ytri hvatar og áhrifaþættir valda vaxandi óvissu á þessu sviði öryggismála.

### 3 Verkefni þar sem vopna þarf almenna lögreglu

Vopnareglur lögreglu, verklagsreglur ríkislögreglustjóra og skipulag lögreglu gera ráð fyrir að almenna lögreglan vopnist skotvopnum við eftirfarandi verkefni:

Samkvæmt reglum um valdbeitingu lögreglumanna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna frá 22. febrúar 1999 gilda ákvæði 30. gr. reglnanna:

„Lögreglustjórar geta gefið fyrirmæli um að lögreglumenn skuli vopnast skotvopnum þegar:

- a) Talið er að fyrirbyggjandi verkefni krefjist þess eða aðstæður eru slíkar að vopnaburður teljist nauðsynlegur, svo sem ef ætla má að lögreglumaður þurfi að eiga við mann sem ástæða er til að ætla að sé vopnaður og líklegur er til að nota skotvopn eða önnur banvæn vopn
- b) Ríkislögreglustjórinn hefur samþykkt eða mælt fyrir um að vopna beri lögreglumenn til að leysa tilgreind verkefni eða við sérstakar aðstæður, svo sem við öryggisgæslu eða verkefni sérstakra sveita lögreglu.“

Þær verklagsreglur ríkislögreglustjóra sem taka til vopnaðrar löggæslu eru eftirfarandi:

- ✓ Verklagsreglur um starfsemi sérsveitar ríkislögreglustjórans og viðbúnað og viðbrögð við ógnun með vopnum, gíslatöku, hryðju- og hermdarverkum.
- ✓ Verklagsreglur og leiðbeiningar um viðbrögð við sprengjuhótunum, vopnatilfellum, gíslatökum og leitum að vopnuðum mönnum o.fl.
- ✓ Verklagsreglur og leiðbeiningar um lögregluaðgerðir og öryggisgæslu vegna opinberra heimsókna og annarra samsvarandi tilfella.
- ✓ Stefnumótun og verklagsreglur um stöðvun ökutækja og fleira.
- ✓ Verklagsreglur og leiðbeiningar um áhættumat, vástig, stig viðbúnaðar, viðbragðsáætlanir lögreglu o.fl.

Þau verkefni sem almennir lögreglumenn kunna að sinna vopnaðir ráðast af heimild í reglum um valdbeitingu lögreglumanna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna og fyrirbyggjandi verklagsreglum. Almennt má flokka tilvik í eftirfarandi verkefni:

- ✓ Vopnamál sem upp koma hvort heldur er staðbundinn vettvangur eða hreyfanlegur þar sem viðkomandi er á göngu eða á ferð í ökutæki.

- ✓ Gíslatökur.
- ✓ Vopnuð rán.
- ✓ Vegna öryggisgæsluverkefna þar sem umfang er slíkt að vopna þarf fleiri en sérsveitarmenn.
- ✓ Við hækkað vástig/viðbúnaðarstig vegna flug- eða siglingaverndar eða öryggis ríkisins.
- ✓ Við vopnatilfelli þar sem viðkomandi reynir að deyða sem flesta.

Ekki verður litið framhjá frumkvæðisskyldu lögreglu og lögreglumanna þegar fást þarf við aðila sem vopnaðir eru skotvopnum. Frumkvæðisskylda lögreglumanna er óumdeild til þess að vernda líf og heilsu manna við slíkar aðstæður. Eftir Breivik-málið í Noregi gerðu norsk stjórnvöld úttekt á frumkvæðisskyldunni og er niðurstaðan sú að hún takmarkast við það að hættan má ekki vera óásættanleg og aðgerðir mega ekki vera óforsvaranlegar. Lámarksforsendur að svo sé ekki eru að lögreglumenn hafi réttan og fullnægjandi búnað og hafi fengið fullnægjandi grunn- og viðhaldsþjálfun. Það er á ábyrgð stjórnvalda að svo sé. Ábyrgð lögreglu hlýtur þó að takmarkast af þeim fjárveitingum sem fjárveitingarvaldið ráðstafar til hennar.

## 4 Viðbúnaðarskipulag lögreglu

Lögreglan er að jafnaði óvopnuð við dagleg störf og stefna ríkislögreglustjóra er að svo sé. Almenn sátt er innan lögreglunnar um það. Þá stendur ekki til að útvíkka heimildir til að vopna almenna lögreglumenn. Hins vegar hafa komið fram ábendingar um að almennir lögreglumenn hafi ekki nægilegan búnað eða þjálfun til þess að sinna fyrstu viðbrögðum í vopnamálum þar til sérsveit kemur á vettvang eins og verklagsreglur ríkislögreglustjóra gera ráð fyrir. Má í því sambandi nefna að Landssamband lögreglumanna gerði skoðanakönnun árið 2012 um atriði er varða öryggisbúnað, þjálfun o.fl. Mikill meirihluti lögreglumanna eða tæp 70% taldi að skotvopnaþjálfun væri með óviðunandi hætti og 83,5% voru sammála því að skotvopn ættu að vera í læstum hirslum í lögreglubifreiðum.

### 4.1 Vopnamál

Ríkislögreglustjóri hefur sett verklagsreglur og leiðbeiningar er taka til verkefna þar sem lögregla þarf að starfa vopnuð skotvopnum hvort heldur er vegna vopnamála sem koma upp, öryggisgæsluverkefna eða vegna þess að hækka þarf vástig/viðbúnaðarstig vegna yfirvofandi ógnar. Þar er m.a. mælt fyrir um fyrstu viðbrögð almennrar lögreglu í vopnamálum þar til sérsveit kemur á vettvang. Gert er ráð fyrir að almennir lögreglumenn sem fara á vettvang vopnist og séu búnir skotvestum og hjálmum. Hlutverk viðkomandi felst í því að tryggja ástand, setja upp umsátur og reyna að afstýra að gerningsmaður valdi frekari skaða. Í þeim tilfellum að aðrir viðbragðsaðilar þurfa að koma inn fyrir innri lokun lögreglu og þar með inn á hættusvæði til lífsbjargandi aðgerða þarf lögreglan að tryggja öryggi þeirra.

Hin nýja tegund tilvika þar sem markmið gerningsmanns er að deyða sem flesta með egg- eða skotvopni kallar á aukinn viðbúnað almennrar lögreglu. Sækja þarf nær viðkomandi en við á um hefðbundin vopnatilfelli og gíslatökur til þess að stöðva yfirstandandi verknað. Það kallar einnig á aukna þjálfun og búnað almennra lögreglumanna til fyrstu viðbragða.

### 4.2 Almenn vástig/viðbúnaðarstig og viðbúnaður lögreglu

Á hverjum degi viðhefur lögreglan almennan viðbúnað til þess að bregðast við útköllum og þeim atburðum sem hún kann að standa frammi fyrir. Ef svo er metið að hækka þurfi vástig/viðbúnaðarstig vegna þess að áhættumat vegna ógnar kalli á slíkt þarf lögreglan að viðhafa skipulagðan viðbúnað og

úrræði til þess að grípa til með það að markmiði að afstýra því að hryðjuverk eða aðrar stórfelldar árásir eigi sér stað.

Í vástigi/viðbúnaðarstigi felst það áhættumat sem lagt er til grundvallar um aukinn viðbúnað lögreglu vegna þess að talin er fyrirbyggjandi aukin áhætta. Almenn vástig/viðbúnaðarstig tekur til óskilgreindrar hættu svo sem vegna ástands heimsmála, sérstakra upplýsinga sem eru fyrir hendi o.s.frv. Hins vegar eru sérstök vástig/viðbúnaðarstig vegna flugverndar og siglingaverndar í samræmi við alþjóðasáttmála sem Ísland hefur undirgengist.

Viðbúnaðarskipulag lögreglu varðandi öryggi ríkisins byggir á verklagsreglum og leiðbeiningum um áhættumat, vástig, stig viðbúnaðar, viðbragðsáætlanir lögreglu o.fl. frá 8. júní 2004. Þar er mælt fyrir um ákvörðun vástigs/viðbúnaðarstigs hjá lögreglu og viðbúnað sem fylgir hækkun þess ef til kemur. Taka má sem dæmi að krafa berist um að vástig/viðbúnaðarstig vegna flug- eða siglingaverndar verði hækkað eða viðvaranir berist um yfirvofandi hryðjuverk á Íslandi. Slíkt kallar á að lögreglan hafi yfir að ráða nauðsynlegum búnaði og þjálfaða lögreglumenn til þess að sinna vopnaðri varðgæslu. Ef um hækkun á almennu vástigi/viðbúnaðarstigi er að ræða þarf að setja upp vopnaða varðgæslu svo sem við Alþingi, forsetaembættið, ráðuneyti, viðkvæmustu ómissandi innviði, erlend sendiráð o.fl. Ljóst er að til þess að sinna slíku verkefni þarf að vopna á hverjum tíma fjölda almennra lögreglumanna. Að lágmarki þarf tvo vopnaða lögreglumenn á hvern stað.

Stigskiptur viðbúnaður lögreglu byggist á áhættumati greiningardeildar ríkislögreglustjóra vegna ógnar þar sem niðurstaða þess ræður hversu mikinn viðbúnað lögregla viðhefur. Oft kemur til þess að lögreglan hafi varðgæslueftirlit eða fasta varðstöðu við staði svo sem sendiráð og stjórnarstofnanir í öryggisskyni. Þá felst viðbúnaður lögreglu í því að herða landamæragæslu og að vopna þurfi lögreglumenn á landamærastöðvum sem lið í hertum aðgerðum. Með slíkum viðbúnaði má minnka hættuna sem annars kann að vera til staðar og afstýra atburðum.

#### **Vástig**

#### **Almennur viðbúnaður lögreglu (verndarráðstafanir)**

- Vástig 1** Hefðbundinn daglegur viðbúnaður lögreglu og reglubundið eftirlit.
- Vástig 2** Lögreglan eykur eftirlit með þeim stöðum sem talin er ástæða til svo sem varðgæslueftirlit með sendiráðum.
- Vástig 3** Lögreglan eykur eftirlit með þeim stöðum sem hún telur að hættan geti beinst gegn í ljósi áhættumatsins og eykur alla eftirgrennslan og upplýsingaöflun.
- Vástig 4** Sett upp föst varðstaða á þeim stöðum sem taldir eru í hættu, sett upp sérstök aðgerðastjórnstöð og viðhöfð stöðug viðbragðsstaða hjá sérsvait ríkislögreglustjórans.

### **4.3 Nauðsynlegar úrbætur**

Við endurskoðun viðbúnaðarskipulags lögreglunnar fékk ríkislögreglustjóri hingað til lands norska lögreglumenn. Þeir komu frá lögreglunni í Osló og frá embætti norska ríkislögreglustjórans. Lögreglumennirnir frá Osló héldu erindi á Björgun, ráðstefnu Slysavarnafélagsins Landsbjargar þar sem farið var yfir aðkomu annarra viðbragðsaðila á vettvangi til björgunar slasaðra við vopnamál og sprengjutilfelli, en fulltrúi norska ríkislögreglustjórans fjallaði um breytingar á viðbúnaðarskipulagi

norsku lögreglunnar í framhaldi af Breivik-málinu bæði á ráðstefnu fyrir yfirmenn í lögreglunni og á opnum fundi hjá Varðbergi.

Þær ráðleggingar sem ríkislögreglustjóri hefur fengið frá norsku lögreglunni snúa að því að unnt þarf að vera að vopna almenna lögreglu bæði til þess að bregðast við vopnamálum og vegna hækkunar á vástigi/viðbúnaðarstigi. Auk þess að unnt sé að búa almenna lögreglumenn með skammbyssum þarf því að vera hægt að búa þá vélbyssum (hríðskotabyssum) en á Norðurlöndunum eru notaðar byssur af gerðinni MP5 í þessu skyni. Það eru mjög áreiðanleg vopn með sömu skotgerð og skammbyssur. Þar með skapast möguleiki á að halda meiri fjarlægð frá viðkomandi sem kann að minnka líkur á að beita þurfi skotvopni auk þess að vera nákvæmari vopn en Glock. Norðmennirnir leggja einnig mikla áherslu á aukna vopna- og aðgerðarþjálfun lögreglumanna, viðbragðsáætlanagerð og samæfingar með öðrum viðbragðsaðilum.

## 5 Mat á viðbúnaðargetu lögreglu

Árið 2006 skilaði ríkislögreglustjóri samantekt og tillögum um eflingu lögreglu og almannavarna á sviði öryggismála til þáverandi dómsmálaráðherra. Gerðar voru tillögur um eflingu lögreglunnar til að takast á við öryggismál svo sem með aukinni vopnaþjálfun almennra lögreglumanna o.fl. Tillögurnar komu ekki til framkvæmda hvað almenna lögreglu varðar þó reynt hafi verið að bæta viðbúnað á ýmsan hátt.

Í ljósi tveggja fjöldadrápa sem tveir ungir menn frömdu í skólum í Finnlandi skipaði ríkislögreglustjóri starfshóp fyrir nokkrum árum til að skoða möguleg viðbrögð lögreglunnar og menntamálayfirvalda hér á landi við sambærilegar aðstæður. Hópurinn skyldi vinna að gerð viðbragðsáætlana vegna vopnamála í skólum landsins.

Enn er unnið að viðbragðsáætlanagerðinni en forsenda þess að fram fari æfingar með öðrum viðbragðsaðilum er að lögreglan geti tryggt öryggi þeirra við björgunarstörf á hættuvettvangi. Niðurstaðan var að búnaður og þjálfun almennra lögreglumanna væri með þeim hætti að þeir gætu ekki sinnt því hlutverki sínu. Fyrst þyrfti að útbúa og þjálfna hina almennu lögreglu.

Til viðbótar þeirri skotvopnaþjálfun sem lögreglumenn fá í lögregluskólanum og einstakir skotstjórar embættanna annast hefur sérsveit ríkislögreglustjóra sinnt þjálfun fyrir lögregluliðin í landinu auk þess að samæfa með lögregluliðunum. Eftir stendur að núverandi búnaður lögreglu er ófullnægjandi til þess að sinna slíkum verkefnum og mun meiri þjálfun þarf að fara fram. Þá nægir ekki við slíkar aðstæður að lögreglumenn séu eingöngu búnir skammbyssum.

Ríkislögreglustjóri vann greinargerð um öryggismál æðstu stjórnar ríkisins sem skilað var til ráðherra 30. september 2011. Þar kom m.a. fram: „Auka þarf viðbúnað lögreglu til þess að bregðast við margvíslegum tilfellum sem fjallað er um í greinargerðinni ef ógn stafar að þjóðhagslega mikilvægum stofnunum og fyrirtækjum og tryggja getu hennar til þess að setja upp gæslu vegna hótana svo sem við stjórnarstofnanir, mikilvæga staði og sendiráð og einnig ef almennt vástig/viðbúnaðarstig er hátt. Slíkt kallar þó á auknar fjárveitingar og ljóst að það þarf að vera langtímamarkmið.“

Svokölluð 22. júlí nefnd í Noregi skilaði skýrslu 13. ágúst 2012 þar sem er að finna margvísleg atriði sem þörfuðust úrbóta hjá norsku lögreglunni í ljósi Breivik málsins. Í framhaldi af útkomu skýrslunnar hóf ríkislögreglustjóri athugun á viðbúnaðarskipulagi íslensku lögreglunnar með tilliti til þess hvernig hún væri í stakk búin til þess að takast á við hryðjuverk, ofbeldisglæpi og önnur tilvik sem ógna öryggi landsins. Greinargerð og tillögum ríkislögreglustjóra frá 3. september 2012 var í

framhaldinu skilað til innanríkisráðherra. Niðurstaðan var m.a. að auka þyrfti viðbragðsáætlanagerð, efla öryggis- og neyðarviðbúnað hjá lögreglu, auka þjálfun og hæfi lögreglumanna til að beita skotvopnum og gera viðeigandi ráðstafanir til þess að lögreglan geti sett upp vopnaða varðgæslu m.a. til að vernda stjórnarbyggingar, mikilvæga innviði og helstu ráðamenn.

Í samræmi við úttekt ríkislögreglustjóra á niðurstöðum Breivik-skýrslunnar hófst vinna við áhættumat sem felst í að veikleikagreina viðbúnaðargetu lögreglunnar til þess að takast á við vopnamál og metnar líkur og afleiðingar verknaða. Niðurstaða þeirrar greiningar er að viðbúnaðargeta lögreglunnar sé óforsvaranleg.

## **6 Efling þjálfunar og búnaðar**

### **6.1 Nauðsynlegur búnaður**

Síðustu áratugi hefur verið litið til lögreglunnar á hinum Norðurlöndunum um fyrirmyndir að viðbúnaði lögreglu svo sem hvað varðar sérsveitina og annan vopnaðan viðbúnað almennrar lögreglu. Hefðbundinn vopnaviðbúnaður lögreglu kallar á að hægt sé að vopna almenna lögreglumenn þegar þörf krefur bæði með skammbyssum og vélbyssum (hríðskotabyssum). Algengasta tegund slíkra vopna hjá lögreglu á Norðurlöndunum er MP5. Í þau vopn er notuð sama skotstærð og er í Glock skammbyssum íslensku lögreglunnar.

Síðustu áratugi hefur verið unnið að því að bæta búnað lögreglu á þessu sviði, Árið 1996 voru keyptar Glock skammbyssur, skotvesti og hjálmar. Sá búnaður er til í mjög takmörkuðu magni hjá lögregluliðunum, er útrunninn og þarfnast því endurnýjunar. Í dag er staðan sú að nánast eingöngu er hægt að vopna almenna lögreglumenn með skammbyssum og alls ekki nægjanlegan fjölda lögreglumanna. Í einhverjum tilfellum eru liðin með riffla og haglabyssur sem ekki er rétt að nota sem lögregluskotvopn þótt þau geti komið að notum vegna aflífunar dýra.

Þær vélbyssur (hríðskotabyssur) og sjálfvirku riffilar sem til voru hjá lögreglustjóranum í Reykjavík voru aflagðar 2006 auk þess sem fjöldinn allur af skammbyssum var aflagður á sama tíma hjá því embætti. Einnig voru aflagðar lögregluhaglabyssur. Komi til hækunar vástigs/viðbúnaðarstigs er því ekki hægt að vopna nema fáa lögreglumenn á höfuðborgarsvæðinu með skammbyssum sem er ófullnægjandi við slíkar aðstæður.

Vélbyssurnar (hríðskotabyssurnar) og sjálfvirku riffilar sem voru aflagðar 2006 voru öflugri vopn en MP5, með kúlugerðum sem ekki eru taldar ásættanlegar hjá lögreglu í dag auk þess sem vopnin voru áratuga gömul, lítt hægt að treysta á þau og þau erfið í meðförum og beitingu. Því var ekki talin forsenda til þess að nota þau áfram sem lögregluskotvopn. Þá voru lögregluhaglabyssur með 9 kúlu skotfærum talin of skaðleg vopn og þær því einnig aflagðar. Stefnan hefur verið að taka í staðinn í notkun MP5 eins og gert var í tilfelli sérsveitar. Hins vegar hefur ekki verið hægt að fjármagna kaup á nýjum vopnum.

Til staðar þurfa að vera að lágmarki á hverri lögreglustöð tvær skammbyssur, tveir MP5, tvö aðgerðarskotvesti, tveir skotskýlingarhjalmar og skotskýlingarskjöldur til þess að bregðast við vopnamálum. Almenna lögreglan sinnir fyrstu viðbrögðum og óforsvaranlegt er að senda óvopnaða lögreglumenn í slík verkefni. Lögreglustöðvar eru 35 þannig að þörfin er að lágmarki 70 sett. Þau þyrftu þó að vera fleiri þannig að hægt sé að vopna alla vakthafandi lögreglumenn hjá lögregluliðum utan höfuðborgarsvæðisins.

Þá þarf að vera til staðar á höfuðborgarsvæðinu nægjanlegur fjöldi til þess að setja upp vopnaða varðgæslu við aðsetur æðstu stjórnar ríkisins, erlend sendiráð og staði þar sem starfræktir eru

ómissandi innviðir landsins. Viðbúnaður þessi er nauðsynlegur til þess að tryggja öryggi ríkisins. Lámark er að vopna tvo lögreglumenn á hverjum stað og um er að ræða 35 til 40 staði. Þörfin er því að lágmarki 70 sett.

Í áðurnefndri skýrslu ríkislögreglustjóra um eflingu viðbúnaðar hjá lögreglunni frá 2006 var niðurstaðan sú að til þyrfti að vera búnaður til að vopna allt að 260 lögreglumenn. Fjöldinn skýrist m.a. af því hve byggð er dreifð og langar vegalengdir milli lögreglustöðva. Ljóst er að þeim áfanga verður ekki náð á næstu árum vegna fjárskorts en mikilvægt er að áfram verði haldið á þeirri braut að byggja upp viðbúnaðargetu lögreglunnar. Þótt búnaðarmálin hafi vissulega batnað nokkuð er ljóst að enn fer því fjarri að núverandi staða geti talist fullnægjandi.

## 6.2 Fjárveiting 2014

Fjárveiting sem fékkst 2014 til þess að efla búnað og þjálfun almennra lögreglumanna er mikilvægt skref í þá átt að bæta viðbúnaðargetu lögreglunnar. Keyptur hefur verið búnaður svo sem skotvesti, skotskýlingarhjálmur, skotskýlingarskildir auk byssuslíðra o.fl. Enn er þó langt í land að þessi búnaður sé til í nægjanlegu magni til að teljist fullnægjandi auk þess sem margvíslegan annan búnað vantar.

Keyptur hefur verið hlífðarbúnaður fyrir 72 lögreglumenn sem er forsenda þess að hægt sé að vopna almennu lögregluna til þess að sinna hlutverki sínu við fyrstu viðbrögð vegna vopnamála, hryðjuverka, stórfelldra ofbeldisglæpa og annarra atvika sem ógna öryggi landsins. Heildarkostnaður við að fullbúa lögreglumann er um 1,2 m.kr. og eru vopn þá meðtalin.

Árið 2014 var ráðist í viðamikla aðgerðabjálfun almennra lögreglumanna í samvinnu lögregluskólans og ríkislögreglustjóra. Skv. upplýsingum innanríkisráðuneytisins verður tryggð árleg fjárveiting vegna þessa. Hafist hefur verið handa við fyrstu námskeið í ár og unnið er að skilgreiningu stigskiptra þjálfunarflokkar til framtíðar. Fjárveiting vegna þjálfunar er því varanleg en fjárveiting vegna eflingar búnaðar féll niður.

## 6.3 Vopnaviðbúnaður almennra lögreglumanna

Fyrir liggur að þrátt fyrir það átak sem gert var 2014 í að endurnýja skotskýlingarbúnað fyrir almenna lögreglumenn er ekki um ásættanlegan fjölda sé að ræða. Enn er eftir að endurnýja búnað sem telst útrunninn svo sem gömul skotvesti og hjálma auk annars búnaðar sem vantar. Þá þarfnast vopnabúnaður sem ætlaður er almennum lögreglumönnum endurnýjunar og hefur hluti hans reyndar þegar verið seldur úr landi þar sem hann þótti ónothæfur.

Taflan sýnir eldri vopn almennrar lögreglu og ný vopn sem lagt er til að verði keypt í staðinn.

Vopn	Voru aflögð 2006	Verði aflögð 2015 - 2016	Samtals aflögð	Ný vopn 2015 - 2016
Skammbyssur	53	143	196	163
Vélbyssur (hríðskotabyssur)	22	6	28	150
Sjálfvirkir rifflar	18	1	19	
Hálf sjálfvirkir rifflar	11	17	28	
Haglabyssur		20	20	
Rifflar		3	3	
Gasbyssur	10	9	19	
Samtals	114	199	313	313

## 6.4 Búnaður vegna mannfjöldastjórnunar

Hlífðarbúnaður sem lögreglumenn fá vegna starfa við mannfjöldastjórnun er að meginhluta frá árinu 2002. Á þeim tíma fékkst sérstök fjárveiting til kaupa á slíkum búnaði. Ríkislögreglustjóri setti verklagsreglur og leiðbeiningar um mannfjöldastjórnun 30. apríl 2002 og tekin var upp árleg þjálfun valins hóps lögreglumanna í svokölluðum aðgerðasveitum. Hefði þessi búnaður, skipulag og þjálfun ekki verið til staðar í svokallaðri „Búsáaldabyltingu“ eru miklar líkur á að fjöldi lögreglumanna hefði slasast alvarlega sé litið til þess sem þeir máttu þola eins og til dæmis grjótkast og annað sem á þeim dundi.

Vegna ástandsins í samfélaginu árið 2009 var keyptur búnaður í skyndi fyrir fleiri lögreglumenn. Þannig hefur verið hægt að búa 150 lögreglumenn til starfa við mannfjöldastjórnun og eru sérsveitarmenn þá meðtaldir. Að lágmarki þyrfti að vera fyrir hendi búnaður fyrir um 260 lögreglumenn.

Búnaðurinn frá 2002 er kominn til ára sinna og þarfnast að miklu leyti endurnýjunar. Búnaðurinn er dýr; kostnaður er um 600.000 krónur á hvern lögreglumann. Það getur hins vegar ekki talist kostnaðarsamt ef litið er til þess líkamstjóns og kostnaðar sem fylgdi því að hafa ekki slíkan búnað til staðar blossuðu t.a.m. óeirðir upp á ný. Að auki gæti slíkt ástand leitt til þess að lögreglan fengi ekki staðið undir lögbundnu hlutverki sínu að halda uppi allsherjarreglu í samfélaginu og verja stjórnvöld. Hafa verður í huga að þótt nú sé rólegt í samfélaginu getur ástandið breyst og að langan tíma getur tekið að afla slíks búnaðar og þjálfa viðbótarmannafla.

## 6.5 Búnaður sérsveitar

Margvíslegur búnaður sérsveitar ríkislögreglustjóra er úr sér genginn, er jafnvel áratuga gamall og þarfnast endurnýjunar. Að auki vantar talsvert af búnaði og má þar nefna nætursjónauka, öflugan skotskýlingarbúnað, hlífðarfatnað vegna eiturefna, búnað vegna verkefna á sjó o.fl.

## 7 Niðurstaða / tillaga

Öryggi lögreglumanna í verkefnum og geta þeirra til að ráða við hlutverk sitt ræðst af fullnægjandi þjálfun og þeim búnaði sem þeir hafa. Um er að ræða mikilvæg vinnuverndar- og öryggissjónarmið sem miða að því að öryggi lögreglumanna sé tryggt og að viðbúnaðargeta lögreglunnar sé fullnægjandi.

Sú skipan sem tekin hefur verið upp varðandi árlega aðgerðaðþjálfun almennra lögreglumanna er mikið framfaraspor og tryggðar hafa verið fjárveitingar til þess að sinna því verkefni með nokkuð ásættanlegum hætti. Hins vegar er staðan varðandi sérbúnað lögreglu ófullnægjandi til þess að tryggja öryggi lögreglumanna og um leið viðbúnaðargetu lögreglunnar til þess að fást við vopnuð lögreglustörf.

Því er lagt til að hraðað verði viðbúnaðaruppbyggingu lögreglunnar. Veittar verði auknar fjárveitingar til þess að endurnýja og bæta sérbúnað hennar.

Er þá gengið út frá því að unnt verði að búa 150 lögreglumenn með fullnægjandi hætti á hverjum tíma og hægt að tryggja ásættanlega viðbúnaðargetu hjá lögreglunni eftir að búnaðarefling, viðbragðsáætlanagerð og þjálfun hefur farið fram.



Reykjavík, 12. mars 2015

---

Jón F. Bjartmarz

---

Guðmundur Ó. Þráinsson

---

Ásgeir Karlsson